





## Fylgiskjöl

**Frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999,  
með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast fjórar nýjar skilgreiningar í stafrófsröð og breytist númer annarra töluliða í samræmi við það:

6. *Framandi lífverur*: Dýr, plöntur, sveppir og örverur sem ekki koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins.

7. *Innflutningur lifandi lífvera*: Flutningur lifandi lífvera af völdum manna til landsins eða á íslenskt hafsvæði frá löndum eða svæðum utan Íslands.

8. *Líffræðileg fjölbreytni*: Breytileiki meðal lífvera á öllum skipulagsstigum lífs, þar með talin öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum.

17. *Vegur*: Til vega samkvæmt lögum þessum teljast þjóðvegir, sveitarfélagsvegir og einkavegir svo sem þeir eru skilgreindir í vegalögum. Auk þess vegslóðar utan flokkunarkerfis vegalaga sem skráðir eru í kortagrunn Landmælinga Íslands í samræmi við ákvæði reglugerðar umhverfissráðherra samkvæmt 4. mgr. 17. gr.

2. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

*Akstur utan vega og á vegslóðum.*

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er frosin og augljóst að ekki er hætt á náttúruspjöllum. Heimilt er að stöðva og leggja vélknúnum ökutækjum þétt við vegkant ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna lögreglustarfa, sjúkraflutninga og björgunarstarfa. Umhverfissráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða í reglugerð á um undanþágur frá banni skv. 1. másl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landgræðslu og heftingu landbrots, landmælingar, línu- og vegalagnir, lagningu veitukerfa og rannsóknir, sem og um heimild Umhverfisstofnunar til að veita undanþágu vegna annarra sérstakra aðstæðna. Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og frosinni og snævi þakinni jörð þar sem hætt er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

Ólögætur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.

Umhverfissráðherra skal í reglugerð kveða á um gerð kortagrunns þar sem merktir skulu vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Gerð kortagrunnsins skal vera í höndum Landmælinga Íslands sem jafnframt annast uppfærslu hans í samræmi við reglur sem umhverfissráðherra setur. Við mat á hvort tilteknir vegslóðar skuli merktir í kortagrunninn skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda uppblæstri eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig er heimilt að líta til þess að um greinilega eða varanlega vegslóða er að ræða eða þegar löng hefð er fyrir akstri á tilteknum vegslóðum. Ráðherra staðfestir kortagrunninn og skal útgáfa hans auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimilt er ráðherra að ákveða að umferð á tilteknum vegslóðum skuli takmarka við tilteknar gerðir ökutækja, vissa tíma eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Upplýsingar úr kortagrunninum skulu veittar án endurgjalds og skulu Landmælingar Íslands sjá til þess að þær séu aðgengilegar. Upplýsingar um vegslóða í kortagrunni fela ekki í sér að þeir séu færir öllum vélknúnum ökutækjum og leiða ekki til ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á viðhaldi þeirra.

Eftir útgáfu kortagrunns skv. 4. mgr. skulu útgefendur vegakorta sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu í samræmi við kortagrunninn. Ef á þessu verður misbrestur er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að útgefendur hætti dreifingu vegakorta sem veita rangar upplýsingar um heimildir til aksturs vélknúinna ökutækja á vegslóðum og að þeir innkalli þau frá öðrum dreifingaraðilum. Verði útgefendur ekki við áskorun stofnunarinnar innan tilskilins frests er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr.

Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í friðlýsingum tiltekinna svæða ganga framur undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt ákvæði þessu.

### 3. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

#### *Sérstök vernd.*

Eftirtalin náttúruvafyrirbæri njóta sérstakrar verndar til að tryggja fjölbreytni íslenskrar náttúru, vernd lífríkis, jarðmyndana og landslags og þess sem er sérstætt eða fágætt:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- b. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- c. fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radíus frá fossbrún,
- d. hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum,
- e. birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, sem og leifar þeirra.

Óheimilt er að raska náttúruvafyrirbærum sem talin eru upp í 1. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Skytt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingaleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkjagerð, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, viðkomandi náttúruverndarnefndar og eftir atvikum annarra fagstofnana. Við mat á leyfisumsókn skal sérstaklega huga að mikilvægi svæðisins og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Afrit af útgefnu leyfi skal sent Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega gangi hún gegn áliti umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvafyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir náttúruvafyrirbæri sem talin eru upp í 1. mgr. og veita aðgang að þeim í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur.

### 4. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

#### *Gjaldtaka.*

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi sem stofnunin gefur út samkvæmt lögum þessum. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem samþykkt er af umhverfisráðherra

og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má ekki vera herra en sem nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins.

#### 5. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 17. gr. er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á greinilegum vegslóðum sem eru að staðaldri notaðir til umferðar vélknúinna ökutækja, þar til kortagrunnur samkvæmt 4. mgr. 17. gr. fyrir viðkomandi landsvæði hefur verið gefinn út.

Starfshópur umhverfisráðherra sem vinnur, í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, að greiningu vegslóða innan miðhálandislínunnar og gerð tillagna um það á hverjum þeirra skuli heimilt að aka vélknúnum ökutækjum, með eða án takmarkana, skal skila tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. janúar 2013. Umhverfisráðherra skal eigi síðar en 1. janúar 2013, í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, skipa starfshóp til að vinna að greiningu vegslóða á láglendi og gerð tillagna um það á hverjum þeirra skuli heimilt að aka vélknúnum ökutækjum með eða án takmarkana.

Kortagrunnur samkvæmt 4. mgr. 17. gr., með upplýsingum um vegi og vegslóða innan miðhálandislínunnar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum, skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014. Kortagrunnur með sams konar upplýsingum um vegi og vegslóða á láglendi skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2016.

#### 6. gr.

##### *Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

##### *1. Skipulagslög nr. 123/2010:*

a. Við 3. mgr. 12. gr. bætist eftirfarandi málslíður: Meðal annars skal gera grein fyrir þeim svæðum innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða öðrum lögum, þar á meðal friðlýstum náttúruminum, svæðum á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun og náttúruyfyrirbærum sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd.

b. Á eftir 1. másl. 4. mgr. 13. gr. bætist við nýr málslíður svohljóðandi: Jafnframt skal sveitarstjórn ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

c. Á eftir orðunum „lög um mat á umhverfisáhrifum“ í 4. másl. 5. mgr. 52. gr. bætast við orðin: eða lög um náttúruvernd.

d. Eftirtaldir breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða:

Á eftir 1. másl. 1. ákvæðis til bráðabirgða bætist við nýr málslíður svohljóðandi: Við meðferð leyfisumsóknar skal sveitarstjórn tryggja að gætt sé ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

##### *2. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingum:*

Eftirfarandi breytingar verða á 3. viðauka við lögina:

2. tölulíður, iii-liður (a) orðast svo: friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar á meðal svæða á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun og náttúruyfyrirbæra sem falla undir ákvæði 37. gr. laganna.

#### 7. gr.

##### *Gildistaka.*

Lög þessi taka þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur

Í nóvember 2009 skipaði umhverfisstjórn nefnd um endurskoðun laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skyldi endurskoðunin ná til fjölmargra ákvæða laganna. Nefndin skilaði ráðherra áfangaskýrslu í mars 2010 og lagði þar til að verkinu yrði skipt í tvo áfanga. Fyrst yrði unnið að tillögum að breytingum á nokkrum þáttum laganna sem brýnast væri að bæta úr og síðan tæki við vinna við heildarendurskoðun laganna. Frumvarp það er hér liggur fyrir byggir á tillögum þessarar skipuðu nefndar og felur aðallega í sér breytingar á tveimur efnisatriðum náttúruverndarlaga, þ.e. ákvæðum um akstur utan vega (sbr. 17. gr.) og sérstaka vernd tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa (sbr. 37. gr.). Auk þess er lagt til að kveðið verði á um heimild fyrir Umhverfisstofnun til að taka gjald fyrir útgáfu leyfa samkvæmt náttúruverndarlögum.

### II. Meginefni frumvarpsins og tilefni og nauðsyn lagasetningar

#### *1. Akstur utan vega og akstur á vegslóðum.*

Akstur utan vega hefur verið vaxandi vandamál á Íslandi. Landið er víða viðkvæmt fyrir ágangi og utanvegaakstur getur valdið skemmdum á náttúrunni sem sýnilegar eru árum eða áratugum saman. Í 17. gr. núgildandi náttúruverndarlaga er almenn regla um bann við akstri utan vega. Hugtakið vegur er ekki skilgreint sérstaklega í lögunum en í athugasemdum við frumvarp það er varð að náttúruverndarlögum nr. 44/1999 er um merkingu þess vísað til umferðarlaga. Samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 telst vegur vera „[v]egur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar“. Eðlilega byggja umferðarlög á víðri skilgreiningu hugtaksins vegur enda brýnt að gildissvið þeirra sé sem víðtækast. Slík skilgreining hentar hins vegar illa þegar fjallað er um náttúruvernd og heimildir til að aka utan hins almenna vegakerfis landsins og gerir það að verkum að erfitt er að afmarka það hvenær akstur, t.d. á ógreinilegum slóðum sem víða er að finna út um land, telst óheimill. Þetta hefur leitt til þess að í málum þar sem ákært hefur verið vegna utanvegaaksturs hefur ákæran sjaldnast leitt til sakfellingar. Það stafar einkum af því að allur vafi um það hvort slóðar sem eknir hafa verið geti talist vegir í skilningi náttúruverndarlaga er túlkaður sakborningi í hag í samræmi við túlkunarreglur refsiréttar. Hér er lagt til að hugtakið vegur verði skilgreint sérstaklega fyrir náttúruverndarlög og að ekki verði lengur byggt á skilgreiningu umferðarlaga. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast víða í löggjöf annarra ríkja, t.d. í norskum lögum.

Í maí 2010 gaf umhverfisstjórnuneytið út aðgerðaáætlun til að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs. Meðal aðgerða sem þar er mælt fyrir um er endurskoðun laga og reglna um slíkan akstur og bætt miðlun upplýsinga um leyfilegar akstursleiðir. Í 2. gr. frumvarps þessa er lögð til ný grein sem komi í stað núgildandi 17. gr. náttúruverndarlaga um akstur utan vega. Miðar hún annars vegar að því að skerpa reglur um slíkan akstur og jafnframt er í greininni fjallað um heimildir til aksturs á vegslóðum utan hins almenna vegakerfis landsins svo sem það er afmarkað í vegalögum. Þannig er í greininni fjallað um gerð kortagrunns yfir vegi og vegslóða þar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Gert er ráð fyrir að kortagrunnurinn verði gefinn út og birtur með formlegum hætti og að hann feli því í sér réttarheimild um það hvar leyfilegt er að aka vélknúnum ökutækjum. Með útgáfu slíks kortagrunns yrði eytt óvissu um akstursleiðir sem heimilt er að aka.

#### *2. Vernd tiltekinna náttúruyfyrirbæra.*

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 37. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa. Greinin, sem var nýmæli í náttúruverndarlögum nr. 44/1999, felur í sér

almenna reglu um að forðast skuli eins og kostur er röskun þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem þar er fjallað um. Var reglunni ætlað að hvetja til sérstakrar varkárni í umgengni við þessi náttúruvirkibærni. Reynslan hefur sýnt að ekki hefur náðst sá árangur sem að var stefnt með 37. gr. Svo virðist sem greinin hafi ekki haft mikla þýðingu við útgáfu framkvæmdaleyfa og áhrif hennar á gerð skipulagsáætlana, ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda og framkvæmd umhverfismats samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum hafa einnig verið takmörkuð. Ómarkvisst orðalag og skortur á leiðbeiningum um beitingu greinarinnar kann að hafa haft áhrif á það hversu veik sú vernd hefur reynst sem 37. gr. var ætlað að veita. Frumvarpið miðar að því að bæta úr þessu og stuðla að því að betur verði vandað til málsmeðferðar stjórnvalda þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta náttúruvirkibærni sem falla undir greinina. Auk breytinga á greininni sjálfri eru lagðar til breytingar á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum í þeim tilgangi að auka áhrif greinarinnar og styrkja þá vernd sem hún kveður á um.

Gert er ráð fyrir tveimur veigamiklum breytingum á verndarflokkum sem taldir eru upp í 1. mgr. 37. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á stærðarmörkum verndaðra votlendissvæða, svo sem hallamýra, flóa, flæðimýra og rústamýra, og er miðað við svæði sem eru einn hektari að flatarmáli eða stærri í stað þriggja hektara eins og nú er. Undanskildar umræddri stærðarafmörkun eru þó sjávarfitjar og leirur í ljósi smæðar slíkra svæða. Í öðru lagi er lagt til að nýr verndarflokkur bætist við greinina, þ.e. birkiskógar og leifar þeirra.

Votlendi og vatnalífriki eru viðurkennd sem sérstaklega mikilvæg vistkerfi á heimsvísu. Um verndun þeirra var stofnað til sérstaks alþjóðlegs sáttmála árið 1971 sem kenndur er við borgina Ramsar í Írak. Nú eru 159 ríki aðilar að samningnum. Hann öðlaðist gildi á Íslandi árið 1978. Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi einkum fyrir fuglalíf (The Convention on Wetlands of International Importance) var fyrsti alþjóðlegi sáttmálinn sem sérstaklega tók til verndunar sérstakra vistkerfa. Hér á landi eru aðeins þrjú svæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði (Mývatn-Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörður) en þrjár til fimm tugir svæða á hverju hinna Norðurlandanna. Umhverfisráðherra hefur þó nýlega tilnefnt þrjú ný svæði á skrána, Guðlaugstungur, Eyjabakka og votlendissvæði á Hvanneyri. Verndun votlendis er talin forgangsmál í alþjóðlegri náttúruvernd bæði vegna líffræðilegs og umhverfislegs mikilvægis þess og vegna þess hve mjög hefur verið gengið á þessi svæði víðast hvar í heiminum.

Votlendi veita fjölbætta og mikilvæga vistkerfisþjónustu. Framleiðni lífræns efnis er oft mjög mikil í votlendi, þau eru einu heimkynni fjölmargra tegunda dýra og plantna, þar á meðal tegunda í útrýmingarhættu, og þau tempra vatnsrennsli og draga þannig bæði úr flóðum og þurrkum. Lífrænn jarðvegur votlendis og votlendisgróður bindur ýmsa þungmálma og sums staðar erlendis eru votlendi notuð til að hreinsa vatn af bæði ólífrænum eiturefnum og lífrænni mengun. Þau eru því mikilvæg við að viðhalda vatnsgæðum. Votlendi við sjó draga úr strandrofi og eru að auki lífrík búsvæði og heimkynni eða uppeldissvæði ýmissa lífvera sem maðurinn hefur sér til matar eða annarra nota. Mómýrar binda kolefni til langs tíma í lífrænum leifum og endurheimt votlendis getur dregið úr koltvísýringismengun í andrúmsloftinu og hnattrænni hlýnun. Allmargar fuglategundir eru skilgreindar sem sérstakar íslenskar ábyrgðartegundir vegna þess að svo stór hluti heimsstofnsins eða evrópska stofnsins verpir á Íslandi. Flestar ábyrgðartegundirnar treysta á votlendi sem varpland og/eða til fæðuöflunar og raunar nýta um 90% allra íslenskra fuglategunda, fargesta og vetrargesta sér votlendi í einhverjum mæli. Sérstætt lífríki votlenda felur jafnframt í sér að þau skipta miklu máli fyrir viðhald líffræðilegrar fjölbreytni. Líklega hefur verið gengið meira á votlendi en nokkurt annað meginvistkerfi jarðar. Þannig er talið að aðeins sé eftir um þriðjungur af því votlendi sem var í Evrópu í byrjun 20. aldar. Aðeins örfá stór evrópsk vatnasvið eru eftir lítt snortin og ómiðluð. Þau votlendi sem gengið hefur verið mest á í Evrópu eru ár og flæðiengjar, næringarauðug ferskvatnsfen, sjávarfitjar og mómýrar. Rústamýrar eða flár eru á lista Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu yfir fágæt evrópsk búsvæði sem þarf að vernda. Evrópuþingið hefur lagt

sérstaka áherslu á verndun votlendis og m.a. bent á menningarsögulegt og umhverfislegt gildi þess. Framræsla og röskun votlendis er víða bönnuð. Bandaríkin voru einna fyrst til að setja stranga löggjöf um verndun votlendis en frá áttunda áratug 20. aldar hefur alríkisstjórnin fylgt því sem kallað er „No Net Loss Strategy“, þ.e. að sé talið óhjákvæmilegt að raska eða eyðileggja votlendi verði að endurheimta eða búa til jafnstórt eða stærra svæði í staðinn.

Ekki hefur verið unnið heildaryfirlit um tap á votlendi hér á landi en talið er að a.m.k. 4.000 km<sup>2</sup> votlendis hafi verið ræstir fram. Á Suðurlandi milli Ölfusár og Markarfljóts, þar sem áður voru mestu votlendi á landinu, voru um 1990 aðeins eftir óröskuð um 3% af því votlendi sem þar var í byrjun 20. aldar. Talið er að um 10% votlendis séu eftir óröskuð í Borgarfjarðarsýslu (22 af 240 km<sup>2</sup>) en um 40% í Mýrasýslu.

Sérstök nefnd um endurheimt votlendis var skipuð af umhverfisráðherra árið 1996 og starfaði hún til 2006. Votlendisnefndin lagði til að mörkuð yrði skýr opinber stefna um verndun og endurheimt votlendis sem m.a. fæli það í sér að votlendi yrði ekki raskað nema brýna nauðsyn bæri til. Á vegum votlendisnefndar voru gefnar út leiðbeiningar um endurheimt votlendis og hvernig reikna skuli út flatarmál svæða sem raskast, t.d. við vegagerð.

Ástæða þess að lagt er til að stærðarmörk verndarsvæða samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga séu færð niður er einkum sú að vernd sem miðast við 3 ha svæði nær einungis til um 60% óraskaðs votlendis en ef mörkin eru færð niður að 1 ha hækkar hlutfallið í um 95%. Mjög lítið er eftir af stórum óröskuðum votlendissvæðum en mun algengara að minni svæði hafi sloppið við röskun. Þau eru oft mikilvægur hluti af stærri heild, t.d. mýrdrög og þurrir móar í bland í hliðum fjalla og dala. Það að svæðin séu minni dregur ekki úr þýðingu þeirra eða mikilvægi þeirrar þjónustu sem þau veita.

Nýmæli er að í e-lið er kveðið á um vernd birkiskóga og leifar þeirra. Með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga. Í umfjöllun um birkiskóga á Íslandi hér á eftir er fyrst og fremst stuðst við skýrslu um vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi sem unnin var að frumkvæði umhverfisráðherra árið 2007.

Birki er ein af fáum náttúrulegum trjátegunum á Íslandi. Birkiskógar eru víða í Norður-Evrópu. Þeir hafa reynst lífsseigir í fjöllum og á heimskautasvæðum Skandinavíu og hafa haldið þar velli þrátt fyrir mikla hreindýrabeit og aðra nýtingu. Á Atlantshafseyjunum hafa birkiskógar hins vegar farið halloka eftir landnám manna. Í Færeyjum og á Hjaltlandi var þeim algerlega útrýmt en á öðrum eylöndum á svæðinu eru aðeins örlitlar leifar eftir, þær mestu á Íslandi. Birkiskógar teljast til lykilstærkerfa á Íslandi. Þeir veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Í norðlægum birkiskógum eru fáeinar aðrar trjátegundir á stangli. Á Íslandi eru það reyniviður, blæösp, gulvíðir og loðvíðir sem vaxa með birkinu. Algengt er að runnalag af eini og lyngtegundum sé í botni birkiskóga. Í frjósömum jarðvegi eru byrkningar, grös og ýmsar tvíkímblaða jurtir ríkjandi í skógarbotninum en fléttur og mosar á rýrari svæðum. Birkiskógar í vexti binda kolefni úr andrúmslofti. Þar sem skógar breiðast út um skóglaut land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi ekki síst í jarðvegi. Birkiskógar geta dregið úr áföllum vegna náttúruhamfara, t.d. með því að binda eldfjallagjóska þannig að hún nái ekki að fjúka og valda skaða á gróðri, jarðvegi og mannvirkjum. Þá verja birkiskógar jarðveg fyrir rofi af völdum vatns, vinda og skriðuhlaupa enda varð hin mikla jarðvegseyðing, sem átt hefur sér stað hér á landi, í mörgum tilvikum í kjölfar eyðingar skóga og kjarrlendis. Fyrr á öldum var skógum m.a. eytt til að skapa beutiland og voru þeir einnig nýttir á ýmsan hátt, m.a. til viðarkolagerðar. Þá hafa loftslagsbreytingar, öskufall og vetrararbeit búpenings einnig haft áhrif hvað varðar eyðingu birkiskóga. Endurheimt birkiskóga hefur í för með sér endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni og vistþjónustu skóganna, svo sem vatnsmiðlunar, frjósemi og kolefnisbindingar. Birkiskógar landsins eru meðal fjölsóttustu útivistarsvæða landsins og hafa um aldaraddir veitt mönnum upplýftingu og innblástur. Birkigróin lönd eru eftirsóknarverð fyrir frístundabyggð og hafa orðið æ verðmætari fyrir landeigendur, ekki síst bændur sem vilja breyta búskaparháttum sínum.

Erfðabreytileiki er mikill í íslensku birki bæði innan og milli kvæma. Einnig virðist vera munur milli landshluta bæði hvað varðar aðlögun og aðra erfðafræðilega eiginleika. Íslenskt birki virðist yfirleitt hafa mikla aðlögunareiginleika. Besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og varðveita leifar gamalla birkiskóga og erfðaefni þeirra.

Nú á dögum er birkiskógum einkum eytt eða raskað vegna mannvirkjagerðar, svo sem frístundabyggðar, og er sú eyðing/röskun mjög takmörkuð samanborið við það sem áður hefur gengið yfir skóga landsins. Þá hefur sauðfjárbætt einnig í ýmsum tilvikum komið í veg fyrir útbreiðslu birkis.

Færa má rök fyrir því að fleiri flokka náttúruvörðunaraðila ætti að fella undir 37. gr., t.d. straumvötn og víðerni. Straumvötn eru sérstök og fjölbreytt gerð af votlendisvistkerfum, iðulega í nánnum tengslum við aðrar gerðir votlendis, svo sem stöðuvötn og mýrlendi hvers konar, og setja þau sterkan svip á náttúru landsins með tilheyrandi fossum og flúðum. Straumvötnin gegna jafnframt þýðingarmiklu vistfræðilegu þjónustuhlutverki og sjá m.a. um flutning efna milli þjónlendis- og sjávarvistkerfa. Lífríki straumvatna er gróskumikið og íslenskar ár fóstara fágætar fuglategundir og stóra og sterka stofna laxfiska miðað við önnur Evrópulönd. Það var niðurstaða nefndar þeirrar sem frumvarp þetta samdi að láta umfjöllun um vernd straumvatna bíða heildarendurskoðunar náttúruverndarlaga. Skýringin er einkum sú að þessi þáttur krefst mikils undirbúnings, m.a. vegna samspils við önnur lög, t.d. vatnalög, raforkulög og lög um lax- og silungsveiði sem og þá löggjöf sem nú er í undirbúningi til innleiðingar vatnatilskipunar ESB. Á sama hátt taldi nefndin að fresta bæri umfjöllun um vernd víðerna. Ástæða er þó til að undirstrika að víðerni teljast til fágætra og eftirsótttra náttúrugæða og að slíkum svæðum fer fækkandi á jörðinni vegna þéttingar byggðar og byggingar vega og annara mannvirkja. Náttúrufræðileg sérstaða Íslands felst m.a. í því að landið er strjálbýlt og stórir hlutar þess enn óbyggðir og óraskaðir. Samkvæmt nýlegri rannsókn sem fór fram á vegum Háskóla Íslands má ætla að um 15% af flatarmáli Íslands utan jökla teljist til ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í 6. tölul. 3. gr. laga um náttúruvernd. Brýnt er að standa vörð um þessa auðlind og gera henni viðhlítandi skil í náttúruverndarlögum.

### III. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta hefur ekki gefið sérstakt tilefni til mats á því hvort það samrýmist stjórnarskrá þar sem um er að ræða breytingar á núgildandi ákvæðum náttúruverndarlaga. 37. gr. laganna og þær breytingar sem lagðar eru til á þeirri grein snerta helst eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Sjónarmiðin sem búa að baki sérstakri vernd tiltekinnna náttúruvörðunaraðila eru sjónarmið um náttúruvernd þar sem hagsmunir almennings og þar með heildarinnar eru höfð að leiðarljósi. Hin sérstaka vernd getur hins vegar haft í för með sér almenna takmörkun á eignarréttindum landeiganda vegna hugsanlegra skertra möguleika hans til framkvæmda á eigin landi. Felur slík takmörkun hins vegar í sér almenna skerðingu sem eins og áður sagði grundvallast á ríki almannahagsmunum.

Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru í samræmi við skuldbindingar sem Íslands hefur gengist undir með aðild að alþjóðlegum og evrópskum samningum, svo sem Ramsarsamningnum, Bernarsamningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1993. Nánar er um þetta fjallað í kafla II í almennum athugasemdum við frumvarp þetta.

## IV. Samráð

Nefnd sú sem skipuð var til að endurskoða lög um náttúruvernd sendi helstu hagsmunaaðilum bréf fyrri hluta ársins 2010 til að kynna starf nefndarinnar. Jafnframt var þessum aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna endurskoðunarinnar og boðið að hafa samráð við nefndina. Í kjölfarið voru nokkrir samráðsfundir haldnir með þeim aðilum sem eftir því óskuðu. Eftir að nefndin lauk við gerð frumvarps þetta síðla árs 2010 óskaði umhverfisráðuneytið eftir umsögnum frá helstu hagsmunaaðilum og jafnframt frá öðrum ráðuneytum stjórnarráðsins. Frumvarpið var einnig kynnt á heimasíðu ráðuneytisins og var öllum veitt tækifæri til að gera við það athugasemdir. Í kjölfarið bárust ráðuneytinu umsagnir frá 18 þeirra aðila sem óskað hafði verið eftir umsögnum frá, auk fjölmargra umsagna frá einstaklingum, félögum og fleiri aðilum. Farið var yfir allar athugasemdir og umsagnir sem ráðuneytinu bárust og gerðar þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar þóttu.

## VI. Mat á áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér

Þær breytingar sem lagðar eru til á 17. gr. laga um náttúruvernd hafa fyrst og fremst áhrif á réttindi og skyldur almennings en einnig eru lagðar þær skyldur á útgefendur vegakorta að sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu í samræmi við kortagrunn Landmælinga, sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Með frumvarpinu eru þá þær auknu skyldur lagðar á Umhverfisstofnun að hafa ákveðið eftirlit með útgefendum vegakorta og munu Landmælingar bera ábyrgð á gerð og uppfærslu umrædds kortagrunns.

Breytingar á 37. gr. náttúruverndarlaga sem frumvarpið felur í sér hafa fyrst og fremst áhrif á réttindi landeigenda og möguleika til framkvæmda á svæðum sem falla undir vernd greinarinnar. Þá felur frumvarpið í sér að gerðar eru auknar kröfur til málsmeðferðar sveitarstjórna. Þrátt fyrir að lagt sé til að sækja þurfi í öllum tilvikum um leyfi fyrir framkvæmd sem hefur í för með sér röskun er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjölgun umsókna í ljósi þess að í reynd hafa slíkar framkvæmdar í flestum tilvikum verið taldar leyfisskyldar. Um er að ræða þá breytingu að Náttúrufræðistofnun Íslands er hér umsagnaraðili í stað Umhverfisstofnunar og að auki skal eftir atvikum leita til annarra fagstofnana sem búa yfir sérþekkingu á viðkomandi náttúrufræðistofnun. Þá er lagt til að sú skylda verði lögð á leyfisveitanda að gera sérstaklega grein fyrir umræddum náttúrufræðistofnum í skipulagsáætlunum, sbr. 1. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Auk umsagnarhlutverks Náttúrufræðistofnunar Íslands er lagt til í 4. mgr. 3. gr. að stofnunin haldi skrá yfir þau náttúrufræðistofnunir sem fram koma í 1. mgr. Samkvæmt b- og c-liðum 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur eru aðalverkefni stofnunarinnar m.a. þau að byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru og að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda. Í ljósi þessa eru nú þegar til staðar kortagrunnar yfir sum þeirra náttúrufræðistofna sem hér er um að ræða.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 3. gr. laga um náttúruvernd fjórum nýjum orðskýringum sem tengjast flestar þeim breytingum sem lagðar eru til á öðrum greinum laganna.

Hugtakið *framandi lífverur* er ekki skilgreint sérstaklega í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 og er hér lagt til að úr því verði bætt. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að þeim lögum er hugtakið skilgreint svo að það taki til dýra- og plöntutegunda sem ekki hafa unnið sér sess í flóru eða fínu landsins, svo og sveppa og örvera. Hér er gengið út frá svipaðri skilgreiningu sem miðast við dýr, plöntur, sveppi og örverur sem ekki koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins. Með lífverum „sem koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins“ er átt við lífverur sem hér voru til staðar við landnám og lífverur sem síðan hafa borist til landsins af eigin rammleik og haslað sér völl í lífríki þess án íhlutunar manna. Skilgreiningin aðgreinir þannig lífverur sem koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins frá þeim sem menn hafa flutt inn til landsins í margvíslegum tilgangi en sá innflutningur hefur einkum átt sér stað frá miðri 20. öld. Aðgreiningin er ekki ótvíræð og áfram kann því að vera uppi óvissa um hvort tiltekin tegund hefur borist til landsins af eigin rammleik eða óviljandi með varningi eða á annan hátt. Sú merking orðsins „náttúrulegur“ sem hér er lögð til grundvallar hefur skírskotun til markmiðsákvæðis náttúruverndarlaga þar sem segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum (sbr. 2. mgr. 1. gr.). Hugtakið *innflutningur lífvera* er heldur ekki skilgreint í náttúruverndarlögum en brýnt er að bæta úr því vegna ákvæða 41. gr. laganna. Það sama á þá við um hugtakið *líffræðilega fjölbreytni*, en við skýringu þess hugtaks í greininni er byggt á skilgreiningu samningsins um líffræðilega fjölbreytni og er þar átt við breytileika meðal lífvera á öllum skipulagsstigum lífs, þar með talin vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra sem og fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum.

Lögð er til ný skilgreining hugtaksins *vegur* og er hún tvíþætt. Annars vegar vísar hún til flokkunar vegalaga á vegum landsins, en samkvæmt þeim skiptist vegakerfið í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, einkavegi og almenna stíga. Gert er ráð fyrir að hugtakið *vegur* í frumvarpi þessu nái yfir þrjá fyrstnefndu flokkana. Hins vegar nær hugtakið til vegslóða utan flokkunarkerfis vegalaga sem skráðir í kortagrunn Landmælinga Íslands í samræmi við ákvæði reglugerðar umhverfisráðherra samkvæmt 4. mgr. 17. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins. Nánar er fjallað um kortagrunninn í athugasemdum við 2. gr.

#### Um 2. gr.

Lagt er til að sú meginregla haldist óbreytt í 1. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga að akstur vélknúinna ökutækja utan vega sé bannaður. Þó er áfram gert ráð fyrir að heimilt sé að aka slíkum tækjum á jökklum og á snævi þakinni jörð utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er frosin og augljóst að slíkt valdi ekki náttúruspjöllum. Með orðalaginu „augljóst“ er sérstök áhersla á það lögð að um er að ræða þrönga undantekningu á meginreglunni um bann við akstri utan vega. Hér þarf þá að huga að því að enda þótt snjóþekja sé yfir kann jörð að vera ófrosin undir og við þær aðstæður getur akstur valdið náttúruspjöllum. Sérákvæði um akstur utan vega í þéttbýli er í 5. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er tekið fram að heimilt sé að stöðva og leggja vélknúnum ökutækjum þétt við vegkant ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysaþættu. Ákvæðið er nýmæli þó svo að hingað til hafi verið talið að þetta væri heimilt.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um undanþágur frá meginreglunni um bann við akstri utan vega og felur hún í sér nokkrar breytingar frá núgildandi lögum. Meðal annars er nú sett skýrt ákvæði um heimild til aksturs utan vega vegna lögreglustarfa, sjúkraflutninga og björgunarstarfa ef nauðsyn krefur. Áfram er gert ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð á um aðrar undanþágur, svo sem nú er, vegna ýmissa mikilvægra starfa út um landið og einnig um heimild Umhverfisstofnunar til að veita undanþágur vegna annarra sérstakra aðstæðna. Lögð er áhersla á að slíkar heimildir ber að túlka þröngt og beita af varúð. Nefna má sem dæmi að tiltekin framkvæmd sem leyfi hefur fengist fyrir getur kallað á að slík undanþága verði veitt, t.d. ef ekki liggja að framkvæmdastaðnum vegir eða vegslóðar sem heimilt er að aka á. Meta verður hverju sinni hvort aðstæður séu slíkar að þær réttlæti undanþágu. Lagt er til að kveðið verði á um

sérstaka aðgæsluskyldu ökumanna sem heimild hafa til að aka utan vega og að þeir forðist að valda náttúruspjöllum. Óbreytt er ákvæði um heimild ráðherra til að takmarka eða banna akstur á jöklum og á snjó þar sem hættu er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

3. mgr. greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum og er þar áréttað að ólögmatgur akstur utan vega varði refsingu, sbr. 76. gr. laganna.

Lagt er til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 17. gr. náttúruverndarlaga. Í þeirri fyrri, 4. mgr., er mælt fyrir um skyldu umhverfisráðherra til að setja reglugerð um gerð kortagrunns þar sem merktir skulu vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Þegar er hafin vinna á vegum umhverfisráðuneytisins í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög við að greina vegslóða á miðhálandinu og kortleggja þá. Í greininni eru tilgreind þau sjónarmið sem lögð skulu til grundvallar mat á því hvort vegslóðar skuli merktir í kortagrunninn og einnig sjónarmið sem heimilt er að líta til í þessu sambandi. Með því orðalagi að akstur á vegslóðum sé ekki líklegur til að valda að öðru leyti náttúruspjöllum er m.a. verið að vísa til sjónrænna þátta við matið, þ.e. að tilteknir vegslóðar geta falið í sér mikil lýti á landinu. Lagt er til að Landmælingar Íslands annist gerð kortagrunnsins og uppfærslu hans og beri ábyrgð á því að grunnurinn sé aðgengilegur. Einnig er lagt til að upplýsingar verði veittar úr grunninum án endurgjalds. Þetta er þýðingarmikið til að tryggja að upplýsingar um heimilar akstursleiðir séu öllum aðgengilegar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um uppfærsluna, þar með talið hversu títt grunnurinn skuli uppfærður. Útgáfu kortagrunnsins og þar með gildistöku hans skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda og á það einnig við um uppfærðar útgáfur hans. Grunnurinn verður réttarheimild um heimilar akstursleiðir um landið og jafnframt verður ljóst að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum á slóðum sem ekki eru sýndir í grunninum. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að takmarka umferð um vegslóða sem skráðir eru í kortagrunninn í samræmi við ástand þeirra. Vegslóðar úti um land falla almennt utan flokkunarkerfis vegalaga og því gilda ákvæði þeirra laga um ábyrgð á viðhaldi vega ekki um þá. Í samræmi við þetta er áréttað í lokamálslið 4. mgr. að upplýsingar um vegslóða í kortagrunni feli ekki í sér að þeir séu færir öllum vélknúnum ökutækjum og leiði ekki til ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á viðhaldi þeirra. Í þessu sambandi er rétt að benda á að samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001 teljast vegir sem eru eldri en 100 ára til fornleifa og njóta þ.a.l. verndar sem felur m.a. í sér að ekki má spilla þeim né breyta nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Ljóst er að á útgefnum vegakortum hafa stundum verið sýndir vegslóðar sem illa þola akstur vélknúinna ökutækja vegna hættu á náttúruspjöllum. Er því lagt til í 5. mgr. að útgefendum vegakorta verði eftir útgáfu kortagrunns, sbr. 4. mgr., gert skylt að sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu í samræmi við grunninn. Einnig er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að grípa til ráðstafana ef útgefendur sinna ekki þessari skyldu og gefa út, birta og dreifa kortum sem veita rangar upplýsingar um heimildir til aksturs vélknúinna ökutækja á vegslóðum um landið.

Í 6. mgr. er lagt til að sérstaklega verði tekið fram að sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í friðlýsingum tiltekinna svæða gangi framur undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt 2. gr. 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 60. gr. náttúruverndarlaga skal í friðlýsingu m.a. kveðið á um umferð og umferðarrétt almennings og er því ljóst að slík ákvæði friðlýsinga geta takmarkað frekar rétt almennings til að fara um á vélknúnum ökutækjum.

#### Um 3. gr.

Hér eru lagðar til allnokkrar breytingar á 37. gr. náttúruverndarlaga sem miða að því að gera greinina skilvirkari og tryggja vandaða málsmeðferð stjórnvalda þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta náttúruvyrirbæri sem falla undir greinina.

Á 1. mgr. greinarinnar eru gerðar tvönnar breytingar. Í fyrsta lagi er markmið verndar samkvæmt greininni sett fram með skýrum hætti, þ.e. hún skal tryggja fjölbreytni íslenskrar

náttúru, vernd lífríkis, jarðmyndana og landslags og þess sem er sérstætt eða fágætt. Skýrara markmið ætti að stuðla að markvissari beitingu greinarinnar og veita vísbendingu um þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar við mat á því hvort heimila skuli framkvæmdir sem fela í sér röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem greinin tekur til.

Í öðru lagi er nánar afmarkað hvaða náttúruyfyrirbæri falla undir greinina.

Í a-lið er nú áréttað að átt sé við jarðmyndanir sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu við lok ísaldar, þ.e. jarðmyndanir sem jökull hefur ekki gengið yfir. Samkvæmt venjulegri merkingu hugtakanna eldvörp, gervígígar og eldhraun í íslenskri jarðfræði ná þau yfir alla gíga, hraun og hvers kyns hraunmyndanir, þar á meðal hraunhella, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu við lok ísaldar. Þessi náttúruyfyrirbæri eru frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga að því leyti að þau eru nýmyndaður berggrunnur með upprunalegt yfirborð. Yfirborðið er afar viðkvæmt fyrir raski og er allt rask óafturkræft. Verndargildi hrauna lækkar við rask og veðrun og því hafa yngri hraun almennt hærra verndargildi en eldri hraun. Sögulegt samhengi og þekking á myndun hraunanna eykur mikilvægi þeirra og því hafa eldvörp, gervígígar og eldhraun myndað á sögulegum tíma alla jafna meira verndargildi en eldri myndanir. Oft einkennast þau af sérstæðu gróður- og dýralífi. Jarðvegur er þar lítt þróaður og heldur illa vatni og mosa- og fléttutegundir eru ráðandi í gróðri. Vistgerðir þessara jarðmyndana eru því afar sérstæðar og eykur það gildi þeirra. Eldhraun sem alfarið er sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd. Ákvæðið útloukar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Í b-lið er fjallað í einu lagi um votlendi og er miðað við svæði sem eru einn hektari að flatarmáli eða stærri í stað þriggja hektara eins og nú er. Þetta á þó ekki við um sjávarfitjur og leirur en gert er ráð fyrir að þessi votlendissvæði njóti verndar óháð stærð. Þetta er í samræmi við gildandi rétt, sbr. e-lið 1. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga. Nánar er fjallað um þessa breytingu í almennum athugasemdum hér að framan.

Ákvæði c-liðar um fossa er afmarkað nánar með því að verndin tekur nú einnig til umhverfis fossins í allt að 200 metra radíus frá fossbrún.

Í d-lið er fjallað um hveru og heitar uppsprettur og nær ákvæðið nú einnig til lífríkis og ummyndana sem tengjast þeim. Margvíslegar heitar uppsprettur hafa um aldir verið taldar meðal helstu náttúruundra Íslands. Við nýtingu jarðvarma á lághitasvæðum á síðustu áratugum hafa mörg hverasvæði látið á sjá og uppi eru hugmyndir um nýtingu nánast allra háhitasvæða landsins, um 20 talsins. Einhver nýting eða skerðing, t.d. vegna rannsókna, hefur þegar átt sér stað á um helmingi þeirra. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að hverum og laugum á lág- og háhitasvæðum verði spillt frekar en brýn nauðsyn krefur og að sérstök aðgát verði höfð komi til nýtingar. Hyggja þarf sérstaklega að varðveislu heitra uppsprettu á háhitasvæðum þar sem orkuvinnsla fer fram og tryggja að þessi náttúruyfyrirbæri fái að njóta sín. Á síðustu tveimur áratugum hafa rannsóknir leitt í ljós að fjölmargar tegundir hitakærra örvera lifa á lág- og háhitasvæðum landsins og hafa hér á landi fundist tegundir sem hvergi annars staðar er að finna. Hér er lagt til að orðalagi verði breytt svo vernd greinarinnar nái til hvera og heitra uppsprettu ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Ekki er hér gert ráð fyrir að verndin verði takmörkuð við svæði af ákveðinni lágmarksstærð. Nýmæli er að í e-lið er kveðið á um vernd birkiskóga og leifa þeirra. Nánar er fjallað um þetta atriði í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 2. mgr. er kveðið afdráttarlausar en nú er á um það hvað vernd samkvæmt 1. mgr. feli í sér. Mælt er fyrir um bann við röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna

nauðsyn beri til. Lagt er til að allar framkvæmdir sem fela í sér slíka röskun verði háðar framkvæmdaleyfi eða eftir atvikum byggingarleyfi, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkjagerð, svo tryggt sé að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Mælt er fyrir um að leitað verði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúruverndarnefndar viðkomandi sveitarfélags og eftir atvikum fagstofnana á viðkomandi sviði, áður en leyfi er veitt. Samkvæmt nágildandi lögum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda við útgáfu framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa, sbr. 2. mgr. 37. gr. Rökin fyrir þeirri breytingu sem lögð er hér til, þ.e. að leita beri umsagnar Náttúrufræðistofnunar í stað Umhverfisstofnunar, eru í meginatriðum þau að Náttúrufræðistofnun hefur það hlutverk að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands og býr yfir gagnasafni með heimildum um íslenska náttúru. Verður að telja að sérþekking stofnunarinnar á gróðurfari, lífríki og jarðfræði landsins sem og gagnasafn hennar muni gagnast vel við veitingu umsagna um eðli tiltekinna svæða, einkennum þeirra og verndargildi. Ástæða er til að benda á að Náttúrufræðistofnun hefur margvísleg umsagnarhlutverk skv. gildandi lögum með vísun til þeirrar sérfræðiþekkingar og gagnasafna sem hún býr yfir og varða náttúrufar landsins. Er eðlilegt að fela rannsóknar- og ráðgjafarstofnunum umsagnarhlutverk og rétt að hafa í huga að umsagnir eru töluvert annars eðlis en leyfisveitingar og ýmsar aðrar ákvarðanir sem stjórnslustofnanir taka, m.a. í tengslum við eftirlitshlutverk sitt. Nýmæli er að leita beri eftir atvikum eftir umsögnum fagstofnana, en vegna þeirrar skyldu ber leyfisveitanda að meta það hverju sinni hvort eðli fyrirhugaðrar framkvæmdar kalli á frekari sérfræðiþekkingu, en sem dæmi gætu rök mælt með því að óska umsagnar Skógræktar ríkisins vegna fyrirhugaðrar röskunar á birkiskógum og leifum þeirra. Þegar tekin er ákvörðun um hvort leyfa eigi framkvæmd sem felur í sér röskun náttúruvæðingarmála sem njóta verndar 37. gr. verður að vega saman mikilvægi þess að vernda þau annars vegar og þá hagsmuni sem kalla á að framkvæmd sé leyfð hins vegar. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ætlast er til þess að við matið verði höfð hliðsjón af markmiðunum í 1. mgr. og þeim sjónarmiðum sem tilgreind eru í ákvæðinu, þ.e. mikilvægi svæðisins og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Gert er ráð fyrir að leyfisveitandi verði að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um að veita leyfi ef hún fer í bága við álit umsagnaraðila, sbr. 3. mgr. Miðar þetta að því að tryggja vandaða málsmeðferð. Í rökstuðningi fyrir slíku leyfi væri eðlilegt að gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Í 3. mgr. er einnig mælt fyrir um heimild til að binda leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingarmála sem verða fyrir röskun.

Nýmæli er ákvæði í 4. mgr. um að Náttúrufræðistofnun Íslands haldi skrá yfir náttúruvæðingarmála samkvæmt 1. mgr. Nú þegar eru til staðar hjá stofnuninni kortagrunnar yfir sum þeirra en slíkar kortaupplýsingar ættu að gagnast t.d. sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana og við afgreiðslu umsókna um framkvæmdaleyfi.

#### Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilað að innheimta gjald fyrir leyfi sem stofnunin gefur út samkvæmt náttúruverndarlögum. Í 2. gr. frumvarpsins er sem dæmi gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá banni við akstri utan vega. Heimildin til gjaldtöku nær auk þessa til annarra ákvæða náttúruverndarlaga þar sem kveðið er á um leyfi sem Umhverfisstofnun veitir, sbr. 26. gr., 38. gr., 40. gr. og 4. mgr. 49. gr. Leyfisgjald skal vera í samræmi við gjaldskrá sem samþykkt er af umhverfisráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda og má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins.

#### Um 5. gr.

Ljóst er að vinna við gerð kortagrunns sem fjallað er um í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins mun taka talsverðan tíma. Því er lagt til að kveðið verði í bráðabirgðaákvæði á um heimild til aksturs á vegslóðum sem uppfylla tiltekin skilyrði þangað til kortagrunnur fyrir viðkomandi landssvæði, þ.e. miðhálandið eða láglandi, verður gefinn út. Þessir vegslóðar verða að vera greinilegir og að staðaldri notaðir til umferðar vélknúinna ökutækja. Með þessu er ljóst að óheimilt er að mynda nýja slóða út um landið og aka ógreinilega slóða sem ekki eru almennt ætlaðir til aksturs vélknúinna ökutækja. Settir eru tímafrestir vegna vinnu við kortagrunninn, annars vegar er kveðið á um frest fyrir starfshópa til að skila tillögum sínum til ráðherra og hins vegar um fresti til að ljúka gerð beggja áfanga kortagrunnsins sjálfs, þ.e. um vegi og vegslóða innan miðhálandislínunnar annars vegar og á láglandi hins vegar.

#### Um 6. gr.

Í 7. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á öðrum lögum sem tengjast beint þeim breytingum á ákvæðum náttúruverndarlaga sem frumvarpið felur í sér. Í tengslum við breytingar á 37. gr. náttúruverndarlaga eru lagðar til breytingar á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að tryggja að hugað verði að vernd náttúruyfyrirbæra sem falla undir greinina mun fyrr í ferli skipulags og framkvæmda en greinin sjálf getur tryggt.

#### *1. tölul. Skipulagslög nr. 123/2010.*

Ný skipulagslög tóku gildi 1. janúar 2011. Samkvæmt b-lið 1. gr. þeirra er þeim m.a. ætlað að tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Markmið þetta er ekki ítarlega útfært í lögnum sjálfum en í 45. gr. þeirra er gert ráð fyrir að ákvæði laganna verði útfærð í skipulagsreglugerð. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á skipulagslögum miða að því að tryggja með afdráttarlausum hætti að við gerð skipulagsáætlana verði tekin afstaða til náttúruyfyrirbæra sem falla undir vernd 37. gr. og þess hvort hægt sé að forðast röskun þeirra.

Í 12. gr. skipulagslaga er m.a. fjallað um gerð skipulagsáætlana. Í 3. mgr. greinarinnar segir að í skipulagsáætlun skuli m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. Hér er lagt til að við málsgreinina verði bætt ákvæði sem kveði á um að gerð skuli grein fyrir þeim svæðum innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða öðrum lögum, þar á meðal friðlýstum náttúruminum, svæðum á náttúruminjasrá og náttúruverndaráætlun og náttúruyfyrirbærum sem njóta verndar 37. gr. Með þessu er reynt að stuðla að því að þegar í upphafi skipulagsvinnunnar verði tekin afstaða til verndarsvæða og mikilvægis þeirra. Samkvæmt 33. gr. náttúruverndarlaga skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda um svæðis- og aðalskipulagsáætlanir. Umfjöllun þessara aðila myndi þá m.a. fela í sér athugun á því hvort ofangreindri skyldu hefði verið fullnægt. Að því er varðar náttúruyfyrirbæri sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. væri eðlilegt að stuðst yrði við skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. 4. mgr. tillögunnar í 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. frumvarps þessa er lagt til að framkvæmdir sem fela í sér röskun náttúruyfyrirbæra sem falla undir greinina verði ávallt háðar framkvæmdaleyfi eða eftir atvikum byggingarleyfi. Um framkvæmdaleyfi er fjallað í 13. gr. skipulagslaga. Til að stuðla að framfylgd framangreinds ákvæðis er lagt til að í 13. gr. skipulagslaga verði áréttað að sveitarstjórn skuli við afgreiðslu umsóknar um framkvæmdaleyfi ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd sem og annarra laga og reglugerða sem við eiga. Sams konar ákvæði hefur verið í skipulagsreglugerð en ástæða þykir til að hafa það í skipulagslögnum sjálfum. Gert er ráð fyrir að sams konar ákvæði verði bætt í fyrsta ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum sem fjallar um

heimild sveitarstjórnar til að leyfa einstakar framkvæmdir án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag, sbr. d-liður 1. tölul. 7. gr. frumvarpsins.

Í 52. gr. skipulagslaga er að finna málskotsheimild vegna útgáfu á framkvæmdarleyfi og málsmeðferðarreglur vegna mála fyrir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála. Í frumvarpi þessu er lagt til að umhverfisverndar- og hagsmunasamtökum verði heimilað að skjóta máli til nefndarinnar þegar um er að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um náttúruvernd eins og er þegar um matsskyldar framkvæmdir er að ræða. Tillaga þessi er í samræmi við Árórsamninginn en frumvarp sem miðar að innleiðingu samningsins hefur nú þegar verið lagt fram á Alþingi. Breytingin miðar enn fremur að því að gætt verði lagasamræmis þannig að félagasamtök sem tryggð er aðild í lögum um náttúruvernd geti komið að kærumálum vegna framkvæmda sem falla undir sömu lög.

## *2. tölul. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*

Lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir að við úrlausn um það hvort tilkynnt framkvæmd samkvæmt 6. gr. laganna sé matsskyld skuli litið til staðsetningar og áhrifa hennar, sbr. viðauka 3 með lögnum. Að því er varðar staðsetningu á meðal annars að koma til skoðunar hvort framkvæmdin sé á verndarsvæði, sbr. iii-lið 2. tölul. Skilgreining ákvæðisins á verndarsvæðum samkvæmt náttúruverndarlögum er ekki mjög skýr og þykir ástæða til að bæta þar úr. Er lagt til að þessi svæði taki til friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, þar á meðal svæða á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun og náttúruvirkbæra sem falla undir ákvæði 37. gr. laganna.

22. mars 2011

**Tillögur að breytingum á drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.**

**Inngangur.**

Umhverfisráðherra fól Jóni Geir Péturssyni, Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra Landgræðslu ríkisins og Þresti Eysteinsyni sviðsstjóra Skógrækt ríkisins, að höfðu samráði við Steinunni Fjólu Sigurðardóttur, að vinna tillögur að framsetningu á 37. gr. og 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. erindisbréf dags. 15. mars 2011.

Eftirfarandi eru tillögur hópsins að framsetningu á þessum tveimur greinum ásamt rökstuðningi þess. Auk þess er einnig að finna nokkrar almennar athugasemdir við aðrar frumvarpsgreinar. Viljum við benda á að hópurinn hafði afar stuttan tíma til að vinna þessar tillögur.

Rétt er að benda á að athugasemdir Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hvað varðar aðra þætti frumvarsdraganna standa óbreyttar m.a. við 17. grein og við breytingar á öðrum lögum. Einnig hefur hópurinn ekki unnið greiningu á þörf á breytingum á öðrum lögum við þessa framsetningu sem hér er lögð til.

### **1. gr.**

Við 3. gr. laganna bætast fimm nýjar skilgreiningar í stafrófsröð og breytist númer annarra töluliða í samræmi við það:

2. *Ágeng framandi lífvera*: Framandi lífvera sem ógnar líffræðilegri fjölbreytni.

7. *Framandi lífverur*: Dýr, plöntur, sveppir og örverur sem ekki koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins.

8. *Innflutningur lifandi lífvera*: Flutningur lifandi lífvera af völdum manna til landsins eða á íslenskt hafsvæði frá löndum eða svæðum utan Íslands.

9. *Líffræðileg fjölbreytni*: Breytileiki meðal lífvera á öllum skipulagsstigum lífs, þar með talin öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum.

18. *Vegur*: Til veга samkvæmt lögum þessum teljast þjóðvegir, sveitarfélagsvegir og einkavegir svo sem þeir eru skilgreindir í vegalögum. Auk þess vegslóðar utan flokkunarkerfis vegalaga sem skráðir eru í kortagrunn Landmælinga Íslands í samræmi við ákvæði reglugerðar umhverfísráðherra samkvæmt 4. mgr. 17. gr. 2. gr.

### **Almennar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.**

Skilgreiningar í 2. og 7. tölul. 1. gr. eru ekki skýrar, s.s. hvað varðar hugtökin ”ógn” og ”að koma náttúrulega fyrir”. Þessi hugtök þarf að skýra nánar til að efni frumvarpsdraganna sé ljóst. Í greinargerð með drögunum er þá fjallað um að ”náttúruleg” tegund sé sú sem hingað hafi borist án íhlutunar mannsins og nefnt að Flóra Íslands frá 1948 skuli m.a. höfð til viðmiðunar við framkvæmd þessa. Í Flóru Íslands frá 1948 eru hins vegar plöntutegundir sem sannarlega hafa borist til landsins vegna íhlutunar mannsins. Tryggja þarf að þessi hugtök séu skýrt fram sett og að skýrt sé í greinargerð hvernig þau skuli túlkuð.

### **37. gr. laganna orðist svo:**

#### *Sérstök vernd.*

Eftirtalin náttúrufyrirbæri njóta sérstakrar verndar til að tryggja fjölbreytni íslenskrar náttúru, vernd lífríkis og landslags og þess sem er sérstætt eða fágætt:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- b. votlendi, þ.e. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, sjávarfitjar og leirur, 10.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri og stöðuvötn og tjarnir 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri,
- c. fossar og nánasta umhverfi þeirra ásamt náttúrulegu rennsli,
- d. hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum,

Óheimilt er að raska náttúrufyrirbærum sem talin eru upp í 1. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingaleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkjagerð, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar sveitarstjórnar. Við mat á leyfisumsókn skal sérstaklega huga að mikilvægi svæðisins og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega gangi hún gegn álitni umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir náttúrufyrirbæri sem talin eru upp í 1. mgr. og veita aðgang að þeim í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Sveitarstjórnir skulu senda Náttúrufræðistofnun Íslands upplýsingar um öll framkvæmdaleyfi sem fela í sér röskun á náttúrufyrirbærum, sbr. 1. mgr., innan tveggja vikna frá útgáfu leyfisins.

### **Greinargerð vegna 37. gr. laga um náttúruvernd.**

a) e.-liður 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Við teljum að ekki eigi að bæta birkiskóglendum landsins við 37. gr. Engin ástæða er til að fella alla birkiskóga landsins, óháða gerð, undir 37. gr. náttúruverndarlaga. Þeir þekja nú um 1% af flatarmáli landsins og er útbreiðsla þeirra að aukast. Ákvæði um vernd alls birkiskóglendis átti við fyrir um hálfri öld þegar skógarþekja var í lágmarki og beitarþungi gríðarlegur stóran hluta ársins, enda voru slík ákvæði sett í skógræktarlög og gilda enn. Nú eru hins vegar ekki rök fyrir slíkri al-vernd birkiskóga, en hins vegar, miklar líkur á að slík aðgerð hafi öfug áhrif á inntak laganna.

Skógrækt ríkisins ber stjórnsýslulega ábyrgð af hálfu hins opinbera á vernd, meðferð og nýtingu birkiskóga og býr yfir mikilli reynslu á því sviði. Í núgildandi skógræktarlögum eru sterk ákvæði til verndar birkiskógum, sem t.d. banna vetrararbeit og rjóðurfellingu, og gagnast vel þótt eflaust megi uppfæra þau til nútíma horfs. Í fyrirhugaðri endurskoðun skógræktarlaga verður tækifæri til þess.

Vert er hins vegar að benda á mikilvægi þess að greina náttúrufarslega mikilvæg birkiskóglendi og leita leiða til að friða þau undir öðrum greinum þessara laga eða með einhverjum öðrum hætti. Má í þessu sambandi benda á skýrslu umhverfsráðuneytisins um Birkiskóga frá árinu 2007 þar sem listuð eru upp nokkur slík skóglendi. Rétt er að benda á að sú nefnd sem samdi þá skýrslu komst ekki að þeirri niðurstöðu að færa bæri birkiskóga undir 37. gr. náttúruverndarlaga, heldur lagði sérstaka áherslu á að unnið væri að aukinni útbreiðslu skóganna.

Sem dæmi um áherslur í skógrækt má nefna að Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins reka sameiginlega verkefnið Hekluskóga, sem hefur það að markmiði að rækta og vernda birkiskóga á stóru svæði í nágrenni Heklu. Verkefnið hefur gengið vel, en það er samdóma álit þeirra sem að því standa að það væri skaðlegt fyrir framgang þess og annara sambærilegra verkefna að birkiskógar, óháð því hvort þeir eru nýgróðursettir, ný sjálfsánir eða gamlir verði sjálfvirkir felldir undir sérstaka vernd 37. gr laganna.

Svipuð markmið og að framan greinir hefur átaksverkefni umhverfisráðherra um aukna útbreiðslu birkiskóga, sem Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa hafið undirbúning á. Ekki síst verður leitað leiða til að auka útbreiðslu birkiskóga með því að bæta beitarskipulag.

Einnig bendum við á eftirfarandi þætti máli okkar til stuðnings:

-Skv. skógræktarlögum nr. 3/1955 fer Skógrækt ríkisins með málefni skóga í landinu. Sú stjórnslá sem boðuð er í drögum að frumvarpi til breytinga á náttúruverndarlögum tekur ekkert tillit til þess, heldur leggur að vissu leyti til tvöfalda opinbera stjórnslá á skógum sem varla er í anda skilvirkni eða gagnsæi.

-Mikið hefur verið gróðursett af birki undanfarna 3 áratugi, sem engin ástæða er til að fella undir ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga. Slíkir skógar hafa margir óljóst náttúruverndargildi.

-Vegna loftslagshlýnunar og breyttrar landnotkunar er birki víða í mikilli sókn. Vegna þessa hefur skapast einstakt tækifæri að vinna að beitarskipulagi til að breiða birkiskóga út.

- Veruleg hættu er á að vernd birkiskóga með vísan til 37. gr. náttúruverndarlaga muni hafa öfug áhrif, þ.e. að landeigendur verði fráhverfir því vinna að aukinni útbreiðslu þeirra í ljósi þeirrar meginreglu að óheimilt sé að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Einnig gæti slík vernd orðið til þess að ræktunarfólk missi áhuga á að rækta birkiskóga.

- Eins og staðan er í dag veita skógræktarlögin birkiskógum vernd. Sú vernd er mun sterkari en hér er verið að leggja til og því sérkennilegt að leggja til tvöfalda stjórnslá hvað varðar birkiskóga.

b) b.-liður 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Varpað er fram þeirri spurningu hvort í stað Votlendi ætti ekki að standa Óraskað votlendi, sbr. b.-liður 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins? Á öðrum vettvangi eru nú áform um verulegt átak í endurheimt raskaðs votlendis, ekki síst eru boðaðar aðgerðir í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Séu röskuð votlendissvæði felld undir 37. gr. getur það haft íþyngjandi og jafnvel öfug áhrif á þá viðleitni að endurheimta þau. Því leggjum við til að þetta orðalag verði skoðað með það í huga að ná fram markmiðum um að stöðva frekari framræslu óraskaðs votlendis, en að leitast við að koma í veg fyrir öfug áhrif við endurheimt votlendis. Leggjum við til að það verði skoðað nánar hvort orðalagið ”óraskað” nái þessu fram.

c) 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Skv. núgildandi náttúruverndarlögum frá 1999 fer Umhverfisstofnum með þetta umsagnarhlutverk, sem hér er boðað að færa til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nú höfum við ekki skoðað nema þessar ákveðnu greinar í endurskoðuðum náttúruverndarlögum og höfum því ekki yfirsýn yfir það hvort til standi að gera grundvallarbreytingu á þessu í lögunum. Við slíka breytingu þarf væntanlega að gera skýran greinarmun á stjórnarsýsluhlutverki Umhverfisstofnunar varðandi náttúruvernd og svo hlutverki Náttúrufræðistofnunar varðandi náttúrufræðirannsóknir og hlutlausa miðlun upplýsinga sem þannig verða til. Jafnframt hafa aðrar sérfræðistofnanir eftir atvikum yfir að ráða gögnum um þessi náttúrufyrirbæri, s.s. votlendi og vötn.

d) 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Dregið er í efa að það fyrirkomulag að halda eigi skrá yfir náttúrufyrirbæri skv. 37. gr. náttúruverndarlaga sé til þess fallið að styrkja greinina, sbr. að búa til lista yfir alla "fossa" landsins og skilgreina á listum einstök "votlendi" niður í eins ha. nákvæmni. Eitt er að benda á varkárni varðandi þessa þætti í íslenskri náttúru, annað er að halda um þau sérstaka lista. Þetta eru gögn sem væntanlega er nánast útilokað að búa til, sbr. lista yfir alla fossa á Íslandi. Mun þessi breyting hafa þá þýðingu að ef tiltekið votlendi eða foss er ekki á viðkomandi lista þá sé í lagi að raska viðkomandi náttúrufyrirbæri? Slík túlkun og skráning á náttúrufyrirbærunum sem fjallað er um gæti orðið til þess að veikja vernd þeirra náttúrufyrirbæra sem 37. gr. á að ná til.

#### 4. gr.

##### **41. gr. Innflutningur og dreifing lifandi lífvera orðist svo:**

Óheimilt er að flytja inn og dreifa þeim lifandi lífverum sem tilgreindar eru í reglugerð ráðherra samkvæmt 2. mgr. Einnig er óheimilt að flytja milli svæða innanlands þær lifandi lífverur sem tilgreindar eru í reglugerð ráðherra samkvæmt 2. mgr. Umhverfisstofnun er þó heimilt í sérstökum tilvikum að veita leyfi fyrir innflutningi og/eða dreifingu lifandi lífvera sem tilgreindar eru í reglugerð samkvæmt 2. mgr., að fenginni umsögn sérfræðinganefnar samkvæmt 3. mgr. Bann við innflutningi og dreifingu lifandi lífvera samkvæmt grein þessari gildir ekki um búfé, sbr. ákvæði laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Ráðherra skal að fenginni tillögu sérfræðinganefnar samkvæmt 3. mgr. og umsögn Umhverfisstofnunar tilgreina í reglugerð þær lifandi lífverur sem óheimilt er að flytja til landsins og dreifa, þ.e. lífverur sem hafa reynst ágengar við svipaðar aðstæður og eru hérlendis hvað varðar náttúrufar og eru ekki upprætanlegar, svo og þær lífverur sem ekki er heimilt að flytja innanlands milli svæða þar sem þær eru taldar geta valdið neikvæðum áhrifum á náttúru landsins,.

Umhverfísráðherra skipar til fjögurra ára í senn nefnd sérfræðinga, sem skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um þær lifandi lífverur sem fram skuli koma í reglugerð ráðherra samkvæmt 2. mgr. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Landgræðslu ríkisins, einn fulltrúi tilnefndur af Skógrækt ríkisins, einn fulltrúi tilnefndur af Veiðmálastofnun og einn fulltrúi tilnefndur af Matvælastofnun. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um verkefni og starfshætti nefndar um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera, sbr. 3. mgr.

##### *41. gr. a. Aðgæsluskylda.*

Sá sem fengið hefur leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 1. mgr. til innflutnings á lifandi lífverum, sem ekki er ætlað að dreifa skal gæta sérstakrar varúðar og grípa til allra þeirra ráðstafana sem sanngjarnt verður talið svo koma megu í veg fyrir að lífverurnar sleppi og dreifist.

Sá sem ber ábyrgð á dreifingu lifandi lífvera skal gæta sérstakrar varúðar og leitast við að koma í veg fyrir að dreifingin hafi neikvæð áhrif á lífríki eða sérstæð eða sjaldgæf náttúruyrirbæri.

Sá sem stundar starfsemi sem getur haft í för með sér að til landsins berist óviljandi lifandi lífverur sem óheimilt er að flytja til landsins eða dreifa, eða að þær dreifist út í náttúruna, skal gæta sérstakrar varúðar og grípa til ráðstafana sem sanngjarnt er að ætlast til í því skyni að koma í veg fyrir innflutning þeirra og dreifingu.

##### *41. gr. b. Tengsl við önnur lög.*

Ákvæði 41. gr. og 41. gr. a. gilda ekki um erfðabreyttar lífverur, sbr. lög nr. 18/1996, og lifandi smitefni, sbr. sóttvarnalög nr. 19/1997.

*41. gr. c. Aðgerðir vegna ágengra lífvera.*

Ef ástæða er til að ætla að lifandi lífverur ógni líffræðilegri fjölbreytni getur Umhverfisstofnun, að fenginni umsögn sérfræðinganeftdar samkvæmt 41. gr. gripið til aðgerða til að hefta útbreiðslu þeirra eða útrýma.

Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. geta m.a. náð til þess að hvetja til takmörkunar á útbreiðslu eða útrýmingar á lífverum innan eignarlanda. Náist ekki samkomulag við landeiganda getur umhverfisstofnun ákveðið að grípa til viðeigandi aðgerða, enda séu verulegir náttúruverndarhagsmunir í húfi. Við málsmeðferð slíkra mála skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **Greinargerð vegna 41. gr. laga um náttúruvernd.**

Viðfangaefti 41. gr. náttúruverndarlaga er innflutningur, ræktun og dreifing lífvera. Við gerum verulegar athugasemdir við tillögu nefndarinnar um breytingar á 41. grein, enda teljum við hana ekki til þess fallna að ná betur fram markmiðum laganna, sem er að verjast því að hingað berist og dreifist lífverur sem geti valdið skaða í íslensku lífríki og annarri náttúru.

a) 41. gr. og 41. gr. a.

Við gerum athugasemdir við þá stjórnsýslu sem lögð er til í greininni og leggjum því til nýja framsetningu á efnisákvæðum 41. gr. og 41. gr. a. í frumvarpsdrögunum.

Fyrir því eru þessi rök helst:

- Þær reglur/stjórnsýsla sem þar er boðuð er óskilvirk, án nokkurs samráðs og ekki til þess fallin að ná sátt um markmið laganna, eins og við rekjum hér að neðan. Teljum við það mjög misráðna tillögu að leggja niður sérfræðinganeftnd um innflutning lífvera og mikla afturför frá ákvæðum núgildandi laga. Leggjum við til að nefndin verði eflað, enda viðfangseftnið umfangsmikið, og henni fært víðtækara umboð til umfjöllunar um fleiri lífverur en einungis plöntur. Eftling nefndarinnar byggir einnig á þeirri hugmyndafræði að taka höndum saman með þeim sem annast eftirlit hvað varðar sjúkdómavarnir, en margt af því sem þar fellur undir flokkast sem framandi ágengar lífverur.
- Að einungis skuli byggja stjórnsýslulegar ákvarðanir í mikilvægum málum heilla atvinnugreina á umsögn eins aðila eru ekki góð stjórnsýsla. Því er lagt til að Umhverfisstofnun verði falið að byggja sína umsögn á áliti ráðherraskipaðrar nefndar sérfræðinga þeirra stofnana sem þetta mál varðar. Nefndin hafi það hlutverk að fjalla um alla lífveruhópa, aðra en búfé, og leggja fram tillögur um það hvaða lifandi lífverur skuli ekki heimilt að flytja til landsins, dreifa eða flytja milli svæða. Leggjum við til að í nefndinni sitji fulltrúi Matvælastofnunar þar sem sú stofnun fer með eftirlit með innflutningi skaðvalda sem margir eru framandi ágengar lífverur. Sama gildir um Veiðmálastofnun sem hefur með málefni er varða fisk í ám og vötnum að gera. Með þessari nefnd á að vera tryggt að gætt hafi verið allra sjónarmiða við setningu stjórnvaldsfyrirmæla er varða bann á innflutningi og dreifingu lifandi lífvera og að þar með náist góð og skilvirk stjórnsýsla í þessum málaflokki undir eftirliti Umhverfisstofnunar.

- Leggjum við til að inntak greinarinnar verði innflutningur, ræktun og dreifing á lifandi lífverum og teljum að það sama eigi við um lífverur hvort sem þær flokkist sem ”framandi” eða ”náttúrulegar”. Gerist tegund svo ágeng að hún sé u.þ.b. að fara að útrýma annarri tegund skiptir uppruni hennar ekki máli. Því teljum við ákvæði greinarinnar sterkari ef fjallað er um allar lífverur.
- Ekki eru rök fyrir altæku banni í náttúruverndarlögum við öllum innflutningi á ræktunarefni við með flóknum reglum um undanþágur sem gert er ráð fyrir að einungis einn aðili veiti umsögn um. Hér á landi er stundaður landbúnaður, garðyrkja, skógrækt og landgræðsla sem að miklu leyti byggir á innfluttu ræktunarefni, sem hefur orðið til afar mikills ábata fyrir íslenskt samfélag. Slíkur innflutningur hefur verið stundaður í um 1000 ár og því mikil ábyrgð fólgin í því að boða slíkt bann. Gagnrýni á þessar tillögur er enda mjög mikil og má benda í því samhengi m.a. á innsendar athugasemdir Bændasamtakanna, Norðurlandsskóga, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðneytisins, Matvælastofnunar, Garðyrkjufélags Íslands, Skógræktarfélags Íslands o.fl., auk athugasemda stofnana UMH, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.
- Það er vandkvæðum bundið að færa vísindaleg rök fyrir því hvaða plöntur skuli leyfa, sbr. tillögur nefndarinnar og því óljóst hvaða faglegu forsendur eigi að liggja til grundvallar því hvaða tegundir eigi að vera á hinum leyfða lista og hvaða tegundir ekki.
- Hægt er að færa vísindaleg rök fyrir banni á innflutningi ákveðinna tegunda/tegundahópa/ættkvísla, líkt og gert er í okkar nágrannalöndum. Teljum við eðlilegast að notast sé við þau viðmið við stjórnsýslu þessa. Þar er megináhersla lögð á að tegund hafi sýnt ágengni við aðstæður svipaðar og á Íslandi og hvort hægt sé að uppræta viðkomandi tegund. Hér á landi eru hreindýr t.d. dæmi um upprætanlega innflutta tegund en minkur dæmi um óupprætanlega innflutta tegund. Við teljum að enginn ágreiningur þurfi að ríkja um það að komið skuli í veg fyrir innfluting og dreifingu á lífverum sem sýnt er að séu skaðlegar íslenskri náttúru og erfitt eða ómögulegt verði að losna við þær ef vilji er til þess.
- Í ljósi þess sem að framan er rakið er lagt til að lögin grundvallist á þeirri aðferðafræði að dregin verði upp varnarlína gagnvart þeim tegundum sem ekki er æskilegt að fluttar verði til landsins eða dreift, svo og að listaðar séu upp þær tegundir sem ekki skuli fluttar milli svæða innanlands.
- Sérfræðinganefnd sem starfar á grundvelli 41. gr. náttúruverndarlaga hefur nýverið afhent ráðuneytinu tillögur að lista yfir plöntur sem hún leggur til að verði bannaðar. Tiltekin efnisleg rök liggja væntanlega að baki þessum tillögum og ættu þau að geta orðið leiðarljós við að auka við þann bannlista sem lagður er hér til ef þörf krefur
- Samskonar listar og að framan greinir, yfir bann á innflutningi á plöntum sem hugsanlega geta reynst skaðlegar, eru til í nágrannalöndunum. Eðlileg er að líta til þess verklags sem þar er viðhaft við framkvæmd laga hér á landi.
- Ekki er í frumvarpsdrögunum fjallað um þann flokk innflutnings þar sem þó eru mestar líkur á að lífverur sem valdi skaða berist til landsins skv. reynslu fyrri ára, þ.e. óviljandi innflutningur á skaðvöldum með vörum, m.a vörum til ræktunar. Algerlega óljóst er hvernig minnka á hættuna á slíkum innflutningi ef ekkert eftirlit er með innfluting á því sem nota á í garða. Þá er bent á að óljóst er hvað felst í hugtakinu ”garður” skv. frumvarpsdrögunum

- Stjórnsýslan í frumvarpsdrögum er afar einhliða, þ.e. einungis er um einn umsagnaraðila að ræða þrátt fyrir að fjalla eigi um afar fjölbætt viðfangsefni sem eru grundvöllur heilla atvinnugreina. Sá umsagnaraðili býr þá ekki í öllum tilvikum yfir sérstakri fagþekkingu á þeim málaflokki sem hann á að veita umsögn um, a.m.k. ekki plöntum til notkunar í ræktun.
- Alveg óljóst er hvernig á að vera hægt að fylgja eftir banni á flutningi allra lífvera milli staða innanlands, með undanþágum. Því teljum við mun skilvirkara að lögin skapi ramma til að búa til lista yfir þann flutning sem er óheimill.

b) 41. gr. b.

Lögð er til smávægileg breyting á 2. mgr. 41. gr. b (í okkar tillögum 41. gr. a). Aðgæsluskylda er eðlileg og framför að koma henni að í lögunum. Tillagan snýr að því að breyta inntaki þess að ekki megi breyta því lífríki sem fyrir er með dreifingu lífvera (ath. þar er ekki fjallað um framandi lífverur). Við teljum 2. mgr. 41. gr. b ganga gegn markmiðum hvers konar vistheimtar og endurheimtar á sködduðum vistkerfum, t.d. gróðursetningu eða sáningu birkis á svæðum þar sem þar hefur eyðst fyrir löngu eða endurheimt staðargróðurs. Það getur ekki verið markmið náttúruverndalaga að hindra endurreisn íslenskra vistkerfa, eins og skilja má af þessari grein.

c) 41. gr. d.

Við teljum eðlilegt að í lögum sé ákvæði sem gefi heimildir til að ganga fram og eyða lífverum, ef sýnt er að slíkt tjón stafi af og ekki náist samkomulag við landeiganda. Slíku valdi fylgir hins vegar mikil ábyrgð. Því þarf ákvæðið að orðast þannig að fyrst þurfi að leita samkomulags við landeiganda, áður en til kemur að valdi ríkisins verði beitt.

Við teljum það eðlilegt að stjórnsýslan sé hér á hendi Umhverfisstofnunar eins og í öðrum ákvæðum er varða breytingar á 41. gr. náttúruverndarlaga. Sé fyrirkomulagið á þann veg eiga aðilar í slíkum málum kost á því að kæra málsmeðferðina á æðra stig, þ.e. til ráðherra, en ekki er unnt að endurskoða á sama hátt málsmeðferðina ef það er ráðherra sem fer með ákvörðunarvaldið. Lagt er því til að stjórnsýsla 41. greinar sé á einni hendi og að Umhverfisstofnun þurfi að leiti álitis sérfræðinganefndar um ákvarðanir um svo viðamikil atriði eins og ákvarðanir um mögulega skerðingu á eignarétti landeiganda eins og felast í drögum að 41. gr. d.

Það er mat okkar að með þeirri framsetningu sem við leggjum til náist mun betri vernd gegn innflutningi á ágengum lífverum sem geti valdið skaða í náttúru Íslands, skýrt sé hvaða innlendu lífverur ekki megi flyja milli svæða innanlands, stjórnsýslan verði skýr í málaflokkunum (Umhverfisstofnun) og jafnframt sé samráðsvettvangur aðila (sérfræðinganefnd) til undirbúnings stjórnvaldsfyrirmælum og stjórnsýsluákvörðunum sem verði til þess að tryggja vandaða stjórnsýslu um þessi mál.

## IV. kafli norsku laganna um fjölbreytni náttúrunnar

### Kapittel IV. Fremmede organismer

#### § 28. (krav til aktsomhet)

Den som er ansvarlig for utsetting av levende eller levedyktige organismer i miljøet, skal opptre aktsomt, og så langt som mulig søke å hindre at utsettingen får uheldige følger for det biologiske mangfold. Utføres en utsetting i henhold til en tillatelse av offentlig myndighet, anses aktsomhetsplikten oppfylt dersom forutsetningene for tillatelsen fremdeles er til stede.

Den som setter i verk virksomhet eller tiltak som kan medføre spredning eller utslipp av levende eller levedyktige organismer til steder der de ikke forekommer naturlig, skal i rimelig utstrekning treffe tiltak for å hindre dette.

Dersom det oppstår skade på biologisk mangfold eller fare for alvorlig skade på biologisk mangfold som følge av utsetting eller utilsiktet utslipp av fremmede organismer, skal den ansvarlige umiddelbart varsle myndigheten etter loven her, og treffe tiltak i samsvar med §§ 69 og 70, med mindre slik melde- og tiltaksplikt følger av annen lov.

Kongen kan gi forskrift om virksomheter eller tiltak som kan medføre fare for spredning eller utilsiktet utslipp av organismer som ikke forekommer naturlig på stedet, og om varslingsplikten etter tredje ledd.

#### § 29. (innførsel)

Levende eller levedyktige organismer kan bare innføres til Norge med tillatelse fra myndigheten etter denne loven.

Tar innførselen sikte på utsetting i miljøet, skal søknaden om tillatelse klarlegge de virkninger som utsettingen kan ha for det biologiske mangfold.

Tillatelse kan ikke gis hvis det er grunn til å anta at innførselen vil medføre vesentlige uheldige følger for det biologiske mangfold.

Kongen kan gi forskrift om innførsel etter første ledd, herunder om krav til søknad og vilkår for tillatelsen. Kongen kan også gi forskrift om at bestemte organismer kan innføres uten tillatelse etter denne paragraf, eller fastsette forbud mot innførsel av bestemte organismer hvis det anses nødvendig for å unngå vesentlige uheldige følger for det biologiske mangfold.

Med mindre annet er bestemt ved forskrift gitt av Kongen, kreves ikke tillatelse etter denne loven til innførsel av landlevende planter og nærmere bestemte husdyr. Det kreves heller ikke tillatelse for innførsel av biologiske plantevernmidler som det er gitt tillatelse til innførsel av i eller i medhold av annet lovverk.

### **§ 30. (alminnelige regler om utsetting)**

Ingen må uten med hjemmel i § 31 eller tillatelse fra myndigheten etter denne loven sette ut

- a) organismer av arter og underarter som ikke finnes naturlig i Norge, herunder utenlandske treslag,
- b) vilt av arter, underarter eller bestander som ikke fra før finnes naturlig i distriktet,
- c) sette ut i sjø eller vassdrag organismer, unntatt av stedegeen stamme, med mindre det foreligger tillatelse etter lov 17. juni 2005 nr. 79 om akvakultur (akvakulturloven),
- d) organismer som ikke fra før forekommer naturlig på stedet, dersom Kongen i forskrift har stilt krav om tillatelse til dette.

Søknad om tillatelse til utsetting etter første ledd skal klarlegge de virkninger som utsettingen kan ha for det biologiske mangfold. Kongen kan gi forskrift om krav til søknad.

Tillatelse kan ikke gis hvis det er grunn til å anta at utsettingen vil medføre vesentlige uheldige følger for det biologiske mangfold.

### **§ 31. (utsetting uten særskilt tillatelse)**

Utsetting kan skje dersom aktsomhetsplikten etter § 28 blir overholdt, av

- a) organismer som er innført med tillatelse etter § 29 første ledd, jf. annet ledd med sikte på utsetting,
- b) planter i hager, parkanlegg og andre dyrkede områder, hvis plantene ikke kan påregnes å spre seg utenfor området, samt norske treslag,
- c) biologiske plantevernmidler som det er gitt tillatelse til utsetting av i eller i medhold av annet lovverk,
- d) nærmere angitte organismer dersom Kongen har gitt forskrift om det.

Utsetting etter første ledd kan ikke skje i strid med forskrift etter § 30 første ledd bokstav d. Dette gjelder ikke norske treslag.

### **§ 32. (forholdet til andre lover)**

Krav om tillatelse etter denne loven fritar ikke for tillatelse til innførsel eller utsetting etter annet lovverk. Trenger en innførsel eller utsetting tillatelse etter flere lover, skal myndighetene etter denne og andre lover sørge for samordnet saksbehandling. Kongen kan gi forskrift om slik samordning.

Reglene i §§ 28 til 31 gjelder ikke for genmodifiserte organismer som går inn under lov 2. april 1993 nr. 38 om framstilling og bruk av genmodifiserte organismer (genteknologiloven).

Vurderinger etter dette kapitlet skal ikke omfatte hensyn til planters, dyrs og menneskers liv og helse som ivaretas av lov 5. august 1994 nr. 55 om vern mot smittsomme sykdommer (smittevernloven) og matloven.

Ljósmyndir:	bls.
Arnar Guðmundsson	14-15, 34-35, 144-145, 254-255, 274-275, 304-305, 308, 314-315, 336-337, 346-347, 380-381, 446
Ásrún Elmarsdóttir	108
Borgþór Magnússon	50, 106
Erling Ólafsson	29, 45, 76, 124, 260, 301, 302
Helena Óladóttir	324, 339
Íslenska landslagsverkefnið	146,-147, 231, 234, 240, 241, 247, 356
Jóhann Ísberg	66
Jóhannes Sturlaugsson og Erlendur Guðmundsson	69
Karl Gunnarsson	72
Kristbjörn Egilsson	49
Kristján Jónasson	24-25, 30, 38, 40, 53, 58, 63, 64, 67, 75, 76, 78, 79, 80, 86-87, 96-97, 101, 128, 138-139, 182, 184, 186, 422, 424, 438, 442
Sigrún I. Jónsdóttir	432-433
Sigurður H. Magnússon	46, 58, 59, 60
Sigurður Á. Práinsson	forsíða og, 16-17, 20, 22, 32, 41, 43, 47, 48, 55, 56, 59, 60, 68, 71, 80, 90, 91, 130, 136, 149, 150, 156, 169, 170, 172, 189, 208, 210-211, 214, 215, 217, 218, 224, 238, 244, 250, 253, 258, 270, 272, 280, 282, 292, 298, 310, 312, 331, 340, 342, 365, 366, 367, 384, 392, 402
Snæbjörn Pálsson	72 (neðri mynd)
Starri Heiðmarsson	343
Trausti Baldursson	21, 39, 46, 90, 289
Valgerður Helgadóttir	132-133
Póra Ellen Þórhallsdóttir	20, 44, 51, 52, 70, 83, 84, 91, 110-111, 114, 116, 118, 120, 132-133, 142, 151, 152-153, 160-161, 164, 166, 177, 190, 216, 217, 220, 246, 247, 250, 263, 344, 354, 363, 414-415

